

# Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

## Fundur – 7. september 2010

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 7. september 2010, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórdís Erla Björnsdóttir.

### Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Deiliskipulag Sölvabakka-urðun og efnistaka. Samþykkt deiliskipulags.

### Afgreiðslur:

Lagt var fyrir byggingar- og skipulagsnefnd, deiliskipulag Sölvabakka. Tillagan var auglýst svk. 25. gr. skipulags og byggingarlaga og bærust engar athugasemdir við tillöguna. Umsögn barst frá Fornleifavernd ríkisins sem gerði engar athugasemdir við tillöguna. Skipulags- byggingar- og veitunefnd samþykkir deiliskipulag fyrir Sölvabakka, skipulagsupphrátt og greinagerð dags. 1. sept. 2010 og umhverfisskýrslu dags. 15. mars 2010. Málsmerðferð verði í samræmi við 3. og 4. mgr. 25. gr. skipulags og byggingarlaga og felur nefndin byggingafulltrúa að senda samþykkt deiliskipulag ásamt viðeigandi gögnum til Skipulagsstofnunar.

### Dagskrárliður 2

Byggingafulltrúi fyrir hönd Bygðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu er óskað eftir byggingaleyfi fyrir húsið Hnitbjörg, Flúðabakka 4, Blönduósi. Sótt er um leyfi fyrir sólpalli með tröppum niður á lóð við sólstofur allra íbúða á 1. hæð. Meðfylgjandi eru teikningar.

### Afgreiðsla:

Samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi teikningar berist fyrir næsta fund.

### Önnur mál:

Umræða varð á fundinum um umgengni í bænum td. bílhæ, ólöglega gáma og annað það sem betur má fara. Byggingafulltrúa er falið að lista upp þá staði sem þarf að hreinsa til á.

Fundi slitið 17:40

Þórður Pálsson (sign)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Stefán Árnason byggingarfulltrúi (sign)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign)